



Varðandi: Stuðningur við afreksíþróttafólk

Málsnúmer: 1803017

Dagsetning: 12.03.2018

TILLAGA:

Skóla- og frístundaráð leggur til við bæjarráð að Akraneskaupstaður stofni afrekssjóð sem ætlað er að veita framúrskarandi íþróttafólki ÍA stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum. Jafnframt er lagt til að stofnuð verði afreksnefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögu að veitingu styrksins.

Markmið Akraneskaupstaðar með stofnun slíks afreksstyrks er að veita framúrskarandi íþróttafólki stuðning þegar það skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.

Afreksfólk eru þeir einstaklingar sem standast viðmið í viðkomandi íþróttagrein sem skilgreind eru af viðkomandi sérsambandi og tekur mið af afreksstefnu ÍSí.

Styrkurinn er viðleitni Akraneskaupstaðar að styðja við afreksíþróttafólk ÍA sem hefur náð þeim einstaka árangri að keppa meðal þeirra bestu í heimi og kemur fram fyrir hönd ÍA og eru jafnframt fyrirmyndir yngri iðkenda.

Í afreksnefnd eiga sæti einn fulltrúi stjórnar ÍA, formaður skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (eða staðgengill hans).

Hlutverk afreksnefndar er að vinna í samræmi við ofangreind viðmið og starfa samkvæmt starfsreglum sem samþykktar eru af skóla- og frístundaráði. Afreksnefnd leggur fram tillögu um styrkþega til skóla- og frístundaráðs.

Virðingarfyllt,

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs